

Ed.

517. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnuvega og lífskjara.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 20. gr. komi ný gr., er verði 21. gr. og hljóði svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.

2. 34. gr. (er verði 35. gr.) orðist svo:

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.